



Fundargerð

Fundur í Skipulags-, -hafnar- og húsnæðisnefnd
mánudaginn 01.04.19 kl. 11:00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt voru: Karl Kristjánsson, Ingimar Ingimarsson og Jóhanna Ösp Einarsdóttir. Einnig sátu fundinn Kristján Ingi Arnarsson, byggingarfulltrúi og Tryggvi Harðarson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár: Hann lagði til að tekið yrði á dagskrá „Hellisbraut 40 - óveruleg breyting á deiliskipulagi“ undir önnur mál. Samþykkt samhljóða.

1. Breytt deiliskipulag við Hólatröð:

Lögð fram tillaga að breyttu deiliskipulagi við Hólatröð sem unnin var af Landmótun. Um er að ræða að parhúsalóð nr. 5-7 verði breytt í raðhúsalóð nr. 5-7-9 og raðhúsalóð nr. 6-8 verði breytt í einbýlishúsalóð nr. 6. Um er að ræða óverulega breytingu. Húseigendur við götuna gera ekki athugasemd við breytinguna.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði samþykkt með fyrirvara um athugasemdalausá grenndarkynningu.

2. Hofstaðir - lóðarmála:

Lagt fram erindi Jóhönnu Gunnarsdóttur um afsal hennar á lóð og sumarhúsi til eiganda Hofstaða.

Samþykkt og byggingarfulltrúa falið að ganga frá málinu.

3. Staða skipulags- og byggingarfulltrúa: Sveitarstjóri fór yfir stöðu mála og honum heimilað ganga frá ráðingum í umrædd störf í samráði við nágrennsveitarfélög.

4. Erindi frá OV v/sólarorkugarðs í Flatey: Tekið fyrri erind frá Orkubúi Vestfjarða varandi sólarorkugarð í Flatey. Málið hefur verið sent til skoðunar hjá skipulagsráðgjafa en ekki borist svar. Sveitarstjóra falið að ræða stöðuna við OV sem og umsókn OV um stöðuleyfi fyrir gáma.

5. Vatnsveitur: Lögð fram fyrirspurn um vatnsveitu í Króksfjarðarnesi. Sveitarstjóra falið að kanna málið og hugsanlegar lausnir. Jafnframt rædd málefni vatnsveitu á Reykhólum.

6. Fundargerð frá fundi með Siglingasviði Vegagerðarinnar: Sveitarstjóri gerði grein fyrir fundi sínum með Siglingasviði Vegagerðarinnar.

7. **Gjaldskrá fyrir Flateyjarhöfn:** Sveitarstjóri lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir Flateyjarhöfn en engin hafnargjöld hafa verið tekin þar í langan tíma. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að gjaldskráin verði samþykkt.

8. Önnur mál:

a) **Hellisbraut 40 - óveruleg breyting á deiliskipulagi:**

Byggingarfulltrúi gerði grein fyrir áformum um að byggja tveggja hæða hús á lóðinni Hellisbraut 40 en gert er ráð fyrir húsi á einni hæð í deiliskipulagi, með mænishæð 5,5 m en endanleg hæð yrði 7.8 m. Nefndin lítur svo á að um sé að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar og staðfestir hana með fyrirvara um athugasemdalausá grenndarkynningu.

Fleira ekki gert og
fundi slitið kl. 12.33
